

## **Samningur um framlag skóla- og frístundasvið s til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 6/9 mánaða til 36 mánaða**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnt skóla- og frístundasvið og Krílasel ehf, kt. 700818-0390, gera með sér eftirfarandi samning um rekstrar- og húsnæðissýrk, hér eftir nefnt framlag, vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum Krílaseli hér eftir nefndur leikskólinn.

### **1. gr.**

#### **Reglur sem sjálfstætt starfandi leikskólum ber að fara eftir**

Sjálfstætt starfandi leikskólar starfa skv. lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskóli sem gerir samning við skóla- og frístundasvið um framlag til leikskólans ber að fara eftir reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu þar sem við á eða reglum sem koma í þeirra stað. Jafnframt ber að fara eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, þ.á m. því að geta þess í kynningarrefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg auk þess sem skila ber skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli mál. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulaga við töku ákvarðana sem eru kæranlegar skv. 30. gr. laga laga um leikskóla til samræmis við 25.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 auk þess sem lög um upplýsingarétt geta átt við um starfsemina. Til samræmi svið lög um leikskóla ber leikskólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Leikskólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi leikskólans. Leikskólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Leikskólinn setur reglur um innritun barna í leikskólann sem taka mið af reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu, ákvæðum laga um leikskóla og stjórnsýslulögum og birtir á heimasíðu sinni.

### **2. gr.**

#### **Framlag skóla- og frístundasviðs**

Framlag skóla- og frístundasviðs er háð því skilyrði að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið, sjá nánar 2. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu. Áður en leikskóladvöl barns hefst ber leikskólanum að kanna hvort skilyrðum framlags sé fullnægt, þ.m.t. hvort foreldrar séu í

H/VG · SKG · JEM 1

vanskilum við skóla- og frístundasvið. Um fjölda barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er vísað til 3. gr. samnings þessa.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri. Skóla- og frístundasvið greiðir með barni meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar. Famlag er ekki greitt fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað fyrr en að uppsagnarfrestur er liðinn.

Leikskólinn skal útbúa skriflegan dvalarsamning undirritaðan af leikskólastjóra / rekstraraðila og foreldrum barns. Breytingar á dvalarsamningi skulu einnig vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum. Dvalarsamningur og breytingar á honum skulu vera aðgengilegar fyrir skóla- og frístundasvið þegar óskað er eftir þeim.

Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

### 3. gr.

#### Fjöldi barna og vistunartíma

Fjöldi barna sem greitt er framlag með er að hámarki 20 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn. Ef rekstrarleyfi leikskólans breytist með þeim hætti að börnum skv. því fækki er greitt framlag vegna þess fjölda. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun.

Fjöldi niðurgreiddra dvalarstunda er í samræmi við 1. grein í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu.

### 4. gr.

#### Rekstrarframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir rekstrarframlag með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma ef skilyrðum 2. gr. samningsins er fullnægt. Greitt er rekstrarframlag vegna barna hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri.<sup>1</sup>

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádeginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

<sup>1</sup> Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og eru gerðar til að fá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Hbj

Trn -2

Áætlaður heildarkostnaður er skilgreindur nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15, sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr. barn á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15 sjá nánar í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Fjárhæð pr dvalargildi á mánuði kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1.

Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans reiknast til hækunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi í samræmi við yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1. Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði upplýsingar um fagmenntun starfsmanna sinna. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Skilgreining á fagmenntuðum starfsmönnum kemur fram í yfirliti yfir rekstrar- og húsnæðisframlag í viðauka 1 og getur tekið breytingum. Heimilt er að endurskoða hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og prósentuhlutfall á hækun/lækkun greiðslu.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrarframlag skerðist.

Hærra framlag með börnum einstæðra foreldra, öryrkja og námsmanna og hærra framlag vegna systkina er háð skilyrðum 6. gr. reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu. Hærra framlag er ekki greitt afturvirkt og miðast við þann dag er gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs. Þó er heimilt að leiðréttta framlag einn mánuð aftur í tímann ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma, sjá 6. gr. reglna um leikskólapjónustu.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins.

Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasvið, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart leikskólum Reykjavíkur.

## 5. gr. Húsnæðisframlag

Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma, enda er leikskólinn í eigin húsnæði / leighúsnaði, ef skilyrðum skv. 2. gr. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt: Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinna. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi en ekki er greitt í júlí.

Húsnæðisframlag er endurskoðað í janúar ár hvert í samræmi við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og áætlaðan fjölda barna í leikskólum Reykjavíkurborgar á rekstrarárinu. Húsnæðisframlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

## 6. gr.

### **Viðbótargreiðsla vegna barna með sérþarfir og barna með annað móðurmál en íslensku**

Leikskólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstakrar aðstoðar og þjálfunar barna í samræmi við reglur skóla- og frístundasviðs sem gilda fyrir öll reykvisk börn sem vistuð eru í leikskólum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Reglurnar eru birtar á vef skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna barna af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

## 7. gr.

### **Greiðsla framlags**

Rekstrar- og húsnæðisframlag er greitt mánaðarlega, eigi síðar en 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð. Greitt er í samræmi við upplýsingar í leikskólakerfinu Völu<sup>2</sup> eða á öðru formi skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs lesanlegu í Völu. Þar skráir leikskólastjóri upplýsingar um öll börn sem uppfylla skilyrði um greiðslu framlags. Veita þarf m.a. upplýsingar um nöfn allra barna, kennitölur, lögheimili, tímabil vistunar barns í yfirstandandi mánuði, fjöldu dvalarstunda skv. dvalarsamningi og upplýsingar um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans.

Skrá þarf upplýsingar vegna hærra framlags, s.s. vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra í leikskólakerfið Völu. eða á öðru formi lesanlegu í Völu skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Skráning skal eingöngu gerð þegar öll skilyrði samningsins eru uppfyllt, auk þess sem viðeigandi vottorð, umsóknir eða staðfestingar þurfa að fylgja, sjá nánar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu og gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Leikskólastjóri þarf að staðfesta skráningu upplýsinga (bunka) fyrir hvern mánuð, í síðasta lagi 10. hvers mánaðar. Ef frestun verður á staðfestingu (bunkun) getur orðið samsvarandi frestun á greiðslu framlags til leikskólans.

Rekstrar- og húsnæðisframlag verður ekki greitt lengra aftur í tímann en 3 mánuði frá umsóknardegi. Ef skóla- og frístundasvið hefur greitt framlag fyrir barn, t.d. vegna annarrar vistunar, verður rekstrar- og húsnæðisframlag lækkað um sömu fjárhæð.

Ef leikskólinn verður var við mistök í greiðslu framlags ber honum að tilkynna skóla- og frístundasviði um þau án tafar.

#### **8. gr.**

#### **Gjaldskrá**

Gjaldskrá leikskólans vegna barna undir 36 mánaða aldrí má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs, vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 2,15.

#### **9. gr.**

#### **Fjárhagsleg ábyrgð**

Leikskólinn ber alla ábyrgð á rekstri leikskólans. Réttarsamband leikskólans og viðskiptavinar hans er einkaréttarlegs eðlis og skóla- og frístundasviði óviðkomandi. Leikskólanum er óheimilt að framselja samning þennan eða réttindi samkvæmt honum.

#### **10. gr.**

#### **Eftirlit**

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi leikskólans og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Leikskólinn skal afhenda skóla- og frístundasviði ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Breytingar á gjaldskrá skal tilkynna skóla- og frístundasviði þegar þær taka gildi.

Leikskólinn sendir skóla- og frístundasviði endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Auk þess skulu og önnur gögn, sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með efndum samningsins, vera aðgengileg fyrir skóla- og frístundasviði.

Leikskólanum ber að veita skóla- og frístundasviði allar aðrar upplýsingar um starfsemi og fjárhag skólans sem nauðsynlegar kunna að vera vegna rannsókna eða úttekta sem skóla- og frístundasvið kann að framkvæma eða láta framkvæma og varða leikskóla.

#### **11. gr.**

#### **Endurkrafa á ofgreiddu framlagi**

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka framlag til leikskólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu þrátt fyrir að barn sem ofgreitt hefur verið vegna sé hætt í leikskólanum. Leikskólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

H/P G. SRG. HU  
5

**12. gr.****Breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar**

Verði breytingar á starfsumhverfi leikskóla m.a. vegna breytinga á lögum, reglugerðum eða samþykktum Reykjavíkurborgar um leikskóla er aðilum samningsins heimilt að endurskoða ákvæði þessa samnings með tilliti til þeirra.

**13. gr.  
Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**14. gr.****Gildistími og uppsögn**

Samningurinn tekur gildi dags. 1. janúar 2019. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um fjárhagslegar skuldbingar skv. samningnum eftir fyrsta ár samningsins en framlag getur lækkað verði fjárhagsrammi sviðsins skertur. Samningurinn er uppsegtjanlegur af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara og miðast við mánaðarmót. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

Komi til vanefnda á þjónustusamningi þessum er heimilt að grípa til hefðbundinna vanefnda-úrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

Ákvæði þessa samnings sem vísa til reglna skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu taka breytingum til samræmis við breytingar á reglum um leikskólapjónustu eða reglna sem koma í þeirra stað, án sérstakrar tilkynningar eða uppsagnar af hálfu skóla- og frístundasvið.

**15. gr.****Varnarþing**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

H.P.G. SRG.

**16.****Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, -janúar 2019

*10. febrúar 2019*

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Krílasels ehf.

*Hallgrímur Þórðarsson  
Susana R. Gunnlaugsdóttir*

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt.

*Ama Garðarsdóttir 041265-4349*

*Engd Traustadóttir 020383-5349*

*Irena Birgirsdóttir  
Helgi Sæmstafóttir*

**Viðaukar**

**Viðauki 1: Um rekstrar- og húsnæðisframlag**

**Viðauki 2 : Um reglur um leikskólaþjónustu**

Fskj. I

Gildir frá 1. janúar 2019

## Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

**Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða**

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólapjónustu á heimasíðu [www.reykjavik.is/skoliogfristund](http://www.reykjavik.is/skoliogfristund).

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

### **I – REKSTRARFRAMLAG**

#### **1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða**

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrar-kostnaður borgarrekinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildissituðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálfsdagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálfsdagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

##### **a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássa í borgarreknum leikskólum.



Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári )	Fjárhæð 1.1.2019
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	64.335 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmmri	32.162 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

**b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirsarandi hátt:**

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.1.2019
Pr. dvalargildi á mánuði	13.171 kr.

\*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks<sup>1</sup> í leikskólanum sé 63,07%<sup>2</sup>. Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

<sup>1</sup>Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umónnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólkakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólkakennari um auglýst leikskólkakennarastarf, leikskólastjórástarf eða aðstoðarleikskólastjórástarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólkakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

<sup>2</sup> Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks i borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfi á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %<sup>3</sup> fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppi 67%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólk sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækunar eða lækkunar.<sup>4</sup>

## II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	23.242. kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmti	11.621 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlí mánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

<sup>3</sup> Prósentuhlutfall á lækkun/hækjun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

<sup>4</sup> Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfsætt starfandi leikskóla.

### III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

### IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2019:

Ungbarnas kólar										
Aldur barns	Barn gildissituðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. drögl	Fraghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - bráttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilstdags) á mánuði - bráttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilstdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - bráttó	Gjaldskrá (námsjáld og fedijsjáld) foreldra (sambhöld), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:				0,294%						
M.v. 63 % faghlutfall										
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	63,07%	13.171	64.335	23.242	298.313	55.891	242.422
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	63,07%	13.171	64.335	23.242	256.166	55.891	200.275

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólk i þjónustumiðstöðvum.

Barngildissituðull<sup>5</sup> miðast við árgang og uppfærist í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2017 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2019 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2017.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs [www.reykjavik.is/skoliogfristund](http://www.reykjavik.is/skoliogfristund). Vakin er athygli á að hærra framlag er ekki veitt afturvirkt.

### V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarneikskóla vegna barna undir 36 mánaða alðri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

### VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

<sup>5</sup> Barngildissituðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið feldd úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærist ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

## VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfum um hagræðingu í rekstri.



## Reglur um leikskólaþjónustu

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

### 1. Innritun – opnunartími

#### 1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is), er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Foreldrar skulu sækja um að lágmarki two leikskóla fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.<sup>1</sup> Framangreint gildir ekki um þá sem sótt hafa um leikskóla fyrir 1. nóvember 2018.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttokin.

<sup>1</sup> Vegna staðsetningar leikskólans Bergs, er gerð undantekning hvað þetta varðar.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag en þá er unnið úr fyrirliggjandi umsóknum um leikskóla.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir og ungbarndadeildir. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarndadeildir ekki framari eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarndadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarndadeildum, geta hafið leikskóladadvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarndadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 7. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

### **1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla**

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálfra klukkustund að hámarki á dag.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagars nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu í Rafrænu Reykjavík fyrir 10. desember ár hvert.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinн allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga.

## 1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi leikskólar og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasiðu skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is). Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda. Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar [www.samband.is](http://www.samband.is), enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is)

EKKI er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is)

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

## 2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrr en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólapjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs .

Foreldrar sem hyggjast flytja til Reykjavíkur geta sótt um leikskóla fyrir barn sitt. Barnið fer ekki á biðlista eftir leikskólaplássi nema foreldrar hafi sent tilkynningu á netfangið [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is) um að flutningur til Reykjavíkur sé fyrirhugaður. Hafi

leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdægi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

**2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Reykjavík.**

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarféluginu innan sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarféluginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is). Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is) og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskíteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

### **3. Flutningur milli leikskóla**

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann í Rafræna Reykjavík. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 9.mgr. í gr.1.a.

### **4. Forgangur að leikskóla**

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila á skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar á þar til gerðu eyðublaði eða senda á [innritun.leikskolar@reykjavik.is](mailto:innritun.leikskolar@reykjavik.is). Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla.

Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

**I. Barna sem eru orðin 5 ára.**

**II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.**

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

### **III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.  
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þríburar.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

### **IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.**

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólapjónustu um skilyrði leikskóladvalar. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn.

EKKI ER UNNT AÐ TRYGGJA AÐ STARFSMAÐUR HALDI LEIKSKÓLAPLÁSSI FYRIR BARN SITT HÆTTI STARFSMAÐUR STÖRFUM EFTIR AÐ HAFNA STARFAÐ Í 12 MÁNUÐI EÐA FÆRRI Í LEIKSKÓLA REYKJAVÍKURBORGAR.  
Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausu leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.

### **v. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík**

Sjálfstætt reknum leikskólum er heimilt að veita starfsfólki sínu forgang að viðkomandi leikskóla að því gefnu að fullnægt sé skilyrðum 2.gr. reglna um leikskólapjónustu um skilyrði leikskóladvalar.

## **5. Úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn**

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássa fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla-

og frístundasviðs og reglur um leikskólapjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum Rafræn Reykjavík. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

## **6. Gjaldtaka**

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminna tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

**Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.**

**Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:**

Gjalflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjalflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.e.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkrt og miðast hann við þann dag sem góðnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðréttu leikskólagjöld einn mánuð afturvirkrt ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðréttung leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðréttung á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

## 6.a Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Eru í framhaldsskóla og uppfylla lánshæfnisskilyrði LÍN

Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.

Sé skólavottorði ekki skilað með umsókn þarf það að hafa borist innan 14 daga frá því umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti fellur umsóknin niður.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánhæft er hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarskjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað.

### Afsláttur er ekki veittur afturvirkт, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykviskra barna.

## 6.b Afsláttur til einstæðra foreldra

Umsókn skal send í gegnum Rafræna Reykjavík og skal endurnýjuð fyrir 15. ágúst ár hvert. Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi um afslátt af leikskólagjöldum.

- Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins svo fremi að upplýsingar um breyttta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldri með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá getur fengið afslátt af námsgjaldi til einstæðra foreldra þegar um undanfara skilnaðar er að ræða. Skila skal inn staðfestingu frá sýslumannni um að óskað hafi verið eftir leyfi til skilnaðar. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu frá foreldri á því að um undanfara skilnaðar sé að ræða, s.s. að það undirriti staðfestingu þess efnis. Afsláttur er ekki veittur sé lögheimili foreldra á sama stað. Afsláttur er veittur frá þeim degi sem framangreindum skilyrðum er fullnægt, að öðrum skilyrðum afsláttar til einstæðra uppfylltum, þ.m.t. að endurnýja skuli umsókn árlega fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla. Afsláttur er ekki veittur til foreldris með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá, þegar um undanfara skilnaðar er að ræða, í lengri tíma en tvö ár. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er

endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

**Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt.  
Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um afslátt á þar til gerðu eyðublaði og afhendi leikskólastjóra í leikskóla barnsins og þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld afturvirkt frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

#### 6.c Afsláttur vegna örorku

- Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.
- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins berst. **Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

#### 6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 75 % afsláttur vegna annars barns en 100% vegna þriðja og fjórða barns af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á [www.skolarogfristund.is](http://www.skolarogfristund.is).

#### 6.e Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálfsdagsvistun

- Leískólastjóri í leískóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

**Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leískólastjóra í leískóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leískóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leískóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausu leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leískólastjóra í leískóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leískólagjöldum.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leískóla vegna vistunar reykviskra barna starfsmanna í leískólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leískóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leískólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leískólum fá framlag til lækkunar leískólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sæki um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leískóla Reykjavíkur í leískólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leískólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári.

**Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leískólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leískólagjalda afturvirk.

#### 6.f Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leískóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leískólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leískóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leískóladadvöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leískólagjöld afturvirk komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leískólagöngu að nýju.

### 7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leískólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einflig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

## **8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings**

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólabjónustu.

### **8.a Innheimtuferill vegna vanskila**

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfу frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

### **8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum

um að leita úrlausna á Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í two mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

## **9. Lagareglur og kæruleiðir**

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis ákvarðanir skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins , sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

## **10. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 15. nóvember 2018.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2018

Samþykktar í borgarráði 15. nóvember 2018